



SÝSLUMENN

Til sýlumannsins á höfuðborgarsvæðinu.

Samþykki foreldris fyrir ættleiðingu

Samþykkið þarf að staðfesta í viðurvist sýlumanns eða fulltrúa hans

| | |
|------------------------------|-----------|
| Ég undirrituð / undirritaður | Kennitala |
| samþykki hér með að | |
| Nafn | Kennitala |
| ættleiði barn mitt | |
| Nafn | Kennitala |

Sýslumaður hefur leiðbeint mér um réttaráhrif samþykkis og ættleiðingar og ég hef kynnt mér neðangreindar upplýsingar vandlega.

Dagsetning og undirskrift samþykkjanda:

Um réttaráhrif ættleiðingar.

Ættleiðingarlög nr. 130/1999 <https://www.althingi.is/lagas/nuna/1999130.html>
Erfðalög nr. 8/1962 <https://www.althingi.is/lagas/nuna/1962008.html>

Við útgáfu leyfis til ættleiðingar falla niður öll lagaleg tengsl barnsins sem ættleitt er, við kynforeldra þess, einnig falla niður lagaleg tengsl við önnur ættmenni kynforeldra, þar með talin afa, ömmur og systkini. Erfðaréttur milli hins ættleidda og kynforeldra og annarra ættmenna þeirra fellur niður.

Við ættleiðinguna fær kjörbarn sömu lagaleg tengsl við kjörforeldra eins og kjörbarnið væri þeirra eigið barn. Einnig fær kjörbarn sömu lagalegu tengsl við ættmenni kjörfareldra, þar með talin afa, ömmur og systkini. Erfðaréttur stofnast milli hins ættleidda og kjörfareldra og annarra ættmenna þeirra, í samræmi við reglur erfðalaga um erfðaréttindi.

Framangreint er með þeim fyrirvara að lög geti kveðið á um annað.

Þegar ættleiðandi er einn, verður sað ættleiðandi eina foreldri hins ættleidda, en lagaleg tengsl falla niður við báða kynforeldra.



SÝSLUMENN

Þegar um er að ræða stjúpættleiðingu, þ.e. ef ættleiðandi er í sambúð eða hjónabandi með öðru kynforeldi þess sem ættleiða á, falla niður lagaleg tengsl við hitt kynforeldrið og ættmenni þess.

Lög um ættleiðingar fjalla um lagaleg tengsl og réttaráhrif ættleiðingar, en ekki persónuleg tengsl.

Barn sem hefur verið ættleitt á ekki aðild að máli til að sannreyna erfðafræðilegan uppruna sinn. (faðernismáli eða vefengingarmáli).

Barn, undir 18 ára aldrí, sem ættleitt er af íslenskum ríkisborgara, öðlast íslenskt ríkisfang við ættleiðinguna ef ættleiðingarleyfi er gefið út hér á landi.

Ættleiðingu er ekki hægt að fella niður.

Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu veitir leyfi til ættleiðingar. Ef hafnað er að veita leyfi til ættleiðingar, er það gert með úrskurði sem er kæranlegur til dómsmálaráðuneytis.

Eigi má ættleiða þann sem orðinn er 12 ára án samþykkis hans, nema andlegum högum hans sé svo farið að hann geti ekki gefið marktækt samþykki eða ef varhugavert þykir vegna hagsmunu hans að leita eftir því.

Samþykki til ættleiðingar skal vera skriflegt og skal viðkomandi staðfesta það fyrir starfsmanni sýslumanns sem vottar að viðkomanda hafi verið leiðbeint um réttaráhrif samþykkis og ættleiðingar.

Nú tekur aðili, sem veita skal samþykki, aftur samþykki sitt áður en ættleiðingarleyfi er veitt og er þá ekki heimilt að gefa út ættleiðingarleyfið.

Hér með vottast að samþykkjandi sannaði á sér deili mér framvísun persónuskilríkja og staðfesti samþykkisfirlýsingu þessa í minni viðurvist og hefur samþykkjanda verið kynnt efni laga um ættleiðingar og erfðalaga um réttaráhrif ættleiðingar og samþykkis fyrir ættleiðingu.

Dagsetning, undirritun og embættisstimpill sýslumanns eða fulltrúa hans.